

Fréttabréf um skattamál
Skatta- og lögfræðisvið

Tengiliður:
Vala Valtýsdóttir
Vala.valtysdottir
@deloitte.is

Íslenska ríkið
(Einar Karl
Hallvarðarson hrl.)
gegn Lovísu ehf.
(Ástráður
Haraldsson hrl. og
Guðrún Sesselja
Arnardóttir hdl.)

**Reglur um reiknað
endurgjald
trillusjómanna –
40% af
aflaverðmæti báts
– regla ekki talin
eiga sér lagastoð**

Ákærvaldið
(Björn
Þorvaldsson
aðstoðarsaksóknar
i) gegn HH
(Sigmundur
Hannesson hrl.) og

Punkturinn

2. tbl., apríl 2009

Skattalagabrot - frávisun

Dómur Hæstaréttar 19. mars 2009 í máli nr. 218/2008:

Hæstiréttur ógilti niðurstöðu skattstjóra og yfirkattanevndar varðandi beitingu svonefndrar 40% reglu hjá trillusjómönnum sem ríkisskattstjóri setti á grundvelli lagaákvæða um reiknað endurgjald í tíð eldri laga. Reglan var ekki talin eiga sér lagastoð.

Lovísa ehf. gerði út bát til fiskveiða og krafðist þess að ákvörðun skattyfirvalda um endurákvörðun á reiknuðu endurgjaldi eiganda vegna vinnu í þágu félagsins á rekstrarárinu 2002 yrði ógilt á grundvelli þess að ekki væri nægileg lagastoð fyrir reglunni.

Samkvæmt 1. mgr. 59. gr. eldri tekjuskattslaga nr. 75/1981 (nú 1. mgr. 58. gr.) skal maður, sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en launatekjur hans hefðu orðið ef unnið hefði verið fyrir óskyldan aðila.

Samkvæmt reglum ríkisskattstjóra skyldi reiknað endurgjald trillusjómanna vera 40% af aflaverðmæti báts.

Það var niðurstaða Hæstaréttar og héraðsdóms áður að íslenska ríkið hefði ekki vísað til neinnar viðmiðunar, sem stutt gæti að raunverulegar tekjur sjómanna fyrir sambærileg störf á þessum tíma hafi samsvarað 40% af heildarverðmæti afla. Ekki hefði því verið sýnt fram á að þessi viðmiðun hafi haft næga stoð í ákvæði 1. mgr. 59. gr. laga nr. 75/1981.

Ávörðun skattstjóra, sem staðfest var með úrskurði yfirkattanevndar, var því dæmd ógild.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. febrúar 2009 í máli nr. S-1489/2008

Aðilar voru ákærðir fyrir brot gegn 1. tl. 127. gr. einkahlutafélagalaga með því að hafa vísvitandi sent Hlutafélagaskrá ranga tilkynningu vegna einkahlutafélags varðandi breytingu á prókúru, stjórn og firmaritun og nýjar samþykktir, þar sem fram kom ranglega að þær ráðstafanir sem þar voru tilkynntar hefðu verið ákveðnar á löglegum hluthafafundi einkahlutafélagsins. Ákærðu, sem skrifuðu undir fundargerð umrædds fundar sem dagsett var

ÁÞ (Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

**Rangar
upplýsingar til
Hlutfélagaskrár
– brot gegn
ríkum
hagsmunum
hluthafa**

sama dag og umrædd tilkynning, var hins vegar fullkunnugt um að svo var ekki og að þær ráðstafanir sem tilkynningin varðaði væru því ólöglegar.

Málsatvik voru með þeim hætti að ákærðu störfuðu báðir hjá endurskoðunarfyritækinu KPMG. ÁB réði KPMG til að finna fjárfesta að tilteknu viðskiptatækifæri í Króatíu. Samið var um að félag í eigu KPMG seldi ÁB einkahlutafélagið FS13 ehf. Fyrir tilstilli KPMG hafði félag í eigu RM, CF Fyrirtækjasala ehf., samið við ÁB um inngöngu í félagið og þátttöku í viðskiptatækifærinu. Skyldi félag RM leggja FS13 ehf. til fé svo að unnt yrði að framkvæma það sem stefnt var að í Króatíu. Í framhaldinu hafi samþykktum FS13 ehf. verið breytt. Skyldu fjórir vera í stjórn, þar af hafi ÁB verið kosinn formaður stjórnar, en ÁÞ og RM hafi hvor um sig haft prókúru og ritað sameiginlega firma félagsins. Ákærði HH hafi síðar verið ráðinn framkvæmdastjóri FS13 ehf. Stofnað hafi verið dótturfélag FS13 ehf. í Króatíu, FS13 d.o.o.

ÁB barst síðar bréf frá ákærða ÁÞ, þar sem honum var tilkynnt um riftun á samningi CF Fyrirtækjasölu og ÁB um kaup hans á hlutum í FS13 ehf. og því borið við að kaupverð væri ógreitt. Þá lægi fyrir að fyrr í mánuðinum hefðu ákærðu undirritað tilkynningu um breytta stjórn og samþykktir í FS13 ehf., þar sem fram kom að stjórn félagsins skyldi skipuð ákærða HH sem stjórnarmanni, en ákærða ÁÞ sem varamanni. Hlutfélagaskrá vísaði upphaflega tilkynningunni frá þar sem fráfarandi stjórnarmenn höfðu ekki staðfest hana rétta í samræmi við vinnureglur skrárinnar. Voru ákærðu ÁÞ og HH mjög ósáttir við synjun skráningar og lagði HH m.a. hart að forstöðumanni Hlutfélagaskrár um að víkja frá fyrrgreindri vinnureglu skrárinnar m.a. vegna þess hve miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi og að ekki væri unnt með skömmum fyrirvara að fá undirskriftir þær sem farið var fram á. Féllst forstöðumaður Fyrirtækjaskrár á að gera undantekningu í þessu tilviki og heimila skráningu.

Dómurinn taldi brotavilja ákærðu einbeittan og þeir sannir að því að hafa í sameiningu vísvitandi sent Hlutfélagaskrá ranga tilkynningu vegna einkahlutafélagsins FS13 varðandi ákveðnar breytingar og voru sagðar ákveðnar á löglegum hluthafafundi einkahlutafélagsins, þótt ákærðu væri fullkunnugt um að svo var ekki og að þær ráðstafanir sem tilkynningin varðaði væru því ólöglegar. Ákærðu voru hvor um sig dæmdir til greiðslu kr. 500.000,- sektar í ríkissjóð ásamt málsvarnarláunum.

Lagafrumvörp

Á síðustu vikum hafa nokkur ný lagafrumvörp verið lögð fram, sér í lagi hvað varðar breytingar á skattalögum og svo lögum um hlutfélög og einkahlutafélög. Verða helstu frumvörpin hér reifuð stuttlega. Þau lagafrumvörp sem verða að lögum verður fjallað nánar um í næstu tölublöðum Punktsins.

Eignarskattur

Fyrir liggur frumvarp til laga um almennan eignarskatt, sbr. þskj. 598, 350 mál, 136. löggjafarþing 2008–2009, sem áður hafði þó verið afnuminn árið 2004 með lögum nr. 129/2004. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að tekinn verði upp **0,6%** eignarskattur á allar eignir skattskyldra manna hér á landi. Af fyrstu **15.000.000 kr.** af eignarskattsstofni manna greiðist enginn skattur. Markmiði frumvarpsins er lýst í greinagerð sem svo að auka verði tekjur ríkisins og jafna stöðu eignaminni einstaklinga gagnvart hinum eignameiri.

**Eignarskattur,
frumvarp um
upptöku 0,6%
eignarskatti á allar
eignir umfram
fyrstu 15.000.000
af skattstofni**



Breytingar á skattalögum

Lagt var frumvarp til Alþingis um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og lög nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, þskj. 618, 366. mál, 136. löggjafarþing 2008-2009, með yfirskriftina „styrkari skattfrákvæmd og hömlur gegn skattaundanskoti“. Frumvarpið felur í sér viðtækar breytingar á skattalögum.

Í **fyrsta lagi** leggur frumvarpið til að aðilar heimilisfastir erlendis sæti skattlagningu hér á landi af vaxtatekjum. Tekjur af vöxtum sem greiddir eru út til erlendra aðila hafa ekki áður sætt skattlagningu hér á landi.

Athygli vakti að í greinargerð með frumvarpinu kemur er fullýrt að „skattlagning vaxta, eins og annarra tekjustrauma úr landi, er nær almenn regla í skattalöggjöf í okkar heimshluta“. Í innsendum umsögnum um frumvarpið var á það bent að almennt leggja engin hinnar norðurlandanna afdráttarskatta á vaxtagreiðslur. Ennfremur var á það bent að vaxta og þóknanatilskipunin Evrópusambandsins nr. 2003/49/EC hefur það að markmiði að afnema afdráttarskatta af vaxta- og þóknagreiðslum sem greiddar eru milli aðila í Evrópusambandinu. Ofangreind fullyrðing virðist því ekki rétt.

Í innsendum umsögnum var einnig á það bent að þótt markmið með frumvarpinu lúti að því að skattleggja móttakanda vaxtagreiðslna þá verði það innlendir skuldarar sem bera skattbyrðina þar sem í flestum lánasamningum eru svonefnd „gross-up“ ákvæði um að lántakandinn beri endanlega ábyrgð á staðgreiðslu sem lögð er á vexti á Íslandi.

Í **öðru lagi** er lagt til að víkka út og rýmka skattfrelsi skuldaeftirgjafar fyrir einstaklinga í greiðsluvanda þannig að eftirgjöf skulda samkvæmt nauðasamningi um greiðsluáðölgun skuli ekki teljast til skattskyldra tekna.

Í **þriðja lagi** er lagt til að settar verði hér á landi svokallaðar CFC-reglur (Controlled Foreign Company). Í meginráttum felast reglurnar í þvingaðri samsköttun, þ.e. að lagður er skattur á hluthafa erlendra félaga á lágskattasvæðum vegna þess hagnaðar félagsins sem á uppruna sinn þar, án þess þó að hafa raunverulega starfsemi þar í landi.

Í **fjórdða lagi** er lagt til að ákvæði skattalaga um sjálfkrafa upplýsingar verði útvíkuð, þannig að upplýsingar verði sendar skattfyrirvöldum reglulega og án kvaðningar.

Í **fimmta lagi** eru lagðar til breytingar á upplýsingaskyldu aðila til skattfyrivalda. Breytingarnar eru tvíþættar. Annars vegar er kveðið á um skyldu fjármálastofnana sem starfa hér á landi til að veita upplýsingar um viðskipti sem íslenskir skattaðilar hafa við útibú þeirra erlendis eða dótturfélög þar. Lagt er til að á grundvelli „samstæðuréttar“ verði íslensk móðurfélög ábyrg fyrir að veita upplýsingar um viðskipti sem aðilar skattskyldir á Íslandi hafi átt við dótturfélög og útibú sem móðurfélagið á eða rekur erlendis. Hins vegar er lagt til að þeir sem starfa við skattaráðgjöf og fjármálþjónustu verði skyldaðir til að halda lista yfir viðskiptavinum sínum varði þjónustan beina eða óbeina eignaraðild að félagi, sjóði eða stofnun sem skráð er erlendis eða eignir þar.

Í **sjötta lagi** er lagt til að nýlegar breytingar á 15. gr. skattalaga er vörðuðu söluhagnað eignu hjá einstaklingum komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2010 í stað 2009 til að koma í veg fyrir mögulega afturvirkni.

Frumvarp um eignarhald, kynjakvóta í stjórnnum félaga og starfandi stjórnarformenn

Breytingar á hlutafélagalögum

Frumvarpið kveður á um breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, og einkahlutafélögum, nr. 138/1994, sem snerta eignarhald, kynjahlutfall í stjórnnum og starfandi stjórnarformenn. Þrengri breytingar eiga við um einkahlutafélög en hlutafélög samkvæmt frumvarpinu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögð verði skylda á stjórnir félaga að sjá til þess að hlutaskrá félaga geymi á hverjum tíma réttar upplýsingar um hluthafa og hlutafjáreignar þeirra og atkvæðisrétt. Þá verði allra samstæðutengsla getið sem félagið er í. Stjórn félaga verði einnig skylt að leggja fyrir aðalfund stutta samantekt um hlutafjáreign einstakra hluthafa og atkvæðisrétt, svo og um þær breytingar sem orðið hafa á árinu og samstæðutengsl þau sem félagið er í.

Markmið þessara reglna er sögð vera aukið gagnsæi um eignarhald og meðferð hluta en verið hefur, bæði fyrir hluthafa félaga og stjórnvöld.

Þá geymir frumvarpið reglur um að gætt skuli að kynjahlutföllum og að í tilkynningum til hlutafélagaskrár skuli gefa upplýsingar um hlutföll kynja meðal starfsmanna og í stjórn.

Loks er í frumvarpinu lagt til að stjórnarformanni hlutafélags sé ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem falla undir eðlileg störf stjórnarformanns.

Evrópuréttur

Evrópudómstóllinn: Cobelfret málið – Belgía tapar málinu fyrir dómstólnum

Evrópudómstóllinn skilaði að þeirri niðurstöðu þann 12. febrúar síðastliðinn að Belgía hefði ekki innleitt 1. mgr. 4. gr. móður- og dótturfélaga-tilskipunarinnar nægilega vel í landslög en fyrirtæki höfðu átt í deilu við belgísk skattyfirvöld í nokkur ár vegna skattlagningu arðgreiðslna.

Tilskipunin býður upp á tvo möguleika fyrir aðildarríki. Annars vegar að skattleggja ekki arðgreiðslur, hins vegar að veita afdrátt af hagnaði.

Belgía valdi fyrri kostinn en notaði sitt eigið svokallaða DRD kerfi (dividends received deduction), en samkvæmt því mega fyrirtæki draga frá hagnaði sínum 95% af mótteknum arði frá dótturfélögum. Með gagnorðum hætti má lýsa því svo: Fyrst er móttekinn arður frá dótturfélagi talinn með í tekjum móðurfélagsins. Síðan er arðurinn dreginn frá skattgrunninum en aðeins að því marki að einhver hagnaður verði eftir á skattárinu og að hámarki 95%

Colbafret var fyrirtæki stofnað í Belgíu, sem fékk greiddan arð vegna hlutafjáreignar í félögum stofnuðum innan ESB frá árunum 1992 til 1998, meðan það var í taprekstri mörg þessara ára. Samkvæmt belgískum lögum þurfti Cobelfret því að greiða skatt af arðinum árin sem það var í tapi og gat ekki fært ónotaðan hluta frádráttarins fram til næsta árs.

Cobelfret stefndi belgíska ríkinu vegna rangrar innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins um móður- og dótturfélög. Belgísk yfirvöld skutu málinu til Evrópudómstólsins og færðu þau rök fyrir máli sínu að beiting frádráttaraðferðar samkvæmt tilskipuninni leiddi til sömu niðurstöðu og belgíska leiðin, en dómurinn sagði að það kæmi ekki til greina þar sem

Skattlagning arðgreiðslna, frádráttur frá hagnaði – innleiðing tilskipunar ESB í landslög – líkindi með íslenskum reglum um söluhagnað

Belgía hefði ekki leitt frádráttaraðferðina í lög, heldur einmitt valið undanþáguaðferðina. Belgísku reglurnar kváðu á um aukin skilyrði frádráttar sem var ekki að finna í tilskipuninni, þ.e. um að hagnaður þyrfti að vera til staðar.

Dómurinn hefur gildi *ex tunc*, þ.e. frá gildistöku tilskipunarinnar árið 1992. Félög sem ekki hafa getað dregið allan arð frá hagnaði geta því tekið málið upp.

Á Íslandi er svipuð aðferð notuð varðandi söluhagnað. Söluhagnaður af hlutabréfum er tekjufærður á því ári sem hann myndast en heimilaður er frádráttur um sömu fjárhæð og nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Hins vegar er frádráttur því aðeins heimilaður að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað, þar með talið tap sem myndast hefur á tekjuárinu.

[Home](#) | [Security](#) | [Legal](#) | [Privacy](#)

Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Iceland

© 2009 Deloitte Touche Tohmatsu.

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu, a Swiss Verein, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu and its member firms.